



HAFNARFJÖRÐUR

Innanríkisráðuneytið
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
b.t. Guðna Geirs Einarssona
Sölvhólgötu 7
150 REYKJAVÍK

Hafnarfirði, 21. júní 2017
1403131 RE


Efni: Umsókn um framlag til vinnu að bættu eftirliti með þjónustu við fatlað fólk.

Hafnarfjarðarkaupstaður fyrir hönd Samráðshóps félagsmálastjóra á höfuðborgarsvæðinu (utan Reykjavíkur) óskar eftir áframhaldandi aðkomu Jöfnunarsjóðs að framlagi vegna innra eftirlits um þjónustu við fatlað fólk. Samráðshópurinn hefur staðið að samræmdu eftirliti frá árinu 2014. Jöfnunarsjóður hefur greitt framlag til verkefnisins skv. c lið 5.gr. reglugerðar nr. 242/2014 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Töluverð reynsla er komin á verkefnið og þetta verklag sveitarfélaganna. Starfsmaður hefur verið í hálfu starfi með aðsetur í Hafnarfirði. Úttekir eru gerðar jafnt á heimilum fatlaðs fólks, skammtímavistunum, vernduðum vinnustöðum sem hæfingarstöðvum. Úttektirnar byggja á þeim gæðavísum sem mótaðir voru við undirbúning verkefnisins og jafnframt verið aðlagaðir að þeirri reynslu sem komin er á verkefnið. Gæðamatslistarnir taka mið af lögum og reglugerðum um málaflokkinn, svo og samningi Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks.

Byggt er á boðuðum og óboðuðum heimsóknnum á viðkomandi staði, viðtölum við forstöðumenn og aðra starfsmenn og eftir atvikum þá sem þjónustunnar njóta. Einnig svara starfsmenn nafnlausri spurningakönnun um starfsemina. Niðurstöður úttektanna nýtast til að rýna hina margvíslegu þætti þjónustunnar, benda á hvað betur má fara og settar eru fram aðgerðaráætlanir um úrbætur. Lögð er áhersla á að eftirlitið sé ekki einungis til aðhalds heldur einnig til að veita stjórnendum og öðru starfsfólki faglegan stuðning og leiðsögn.

Í byrjun var ráðinn starfsmaður í 50% stöðugildi í verkefnið. Síðustu árin hafa bæst við starfsstöðvar þ.e.a.s. Skálatúnsheimilið kom inni verkefnið og nú í vetur bættist við heimili á Seltjarnarnesi. Góð reynsla hefur er komin á þetta verklag og ljóst er að hér er um nauðsynlegt og faglegt starf að ræða. Jafn ljóst er að starfsmaður í hálfu starfi sinnir ekki öllum þessum starfsstöðvum svo vel sé. Í ljósi þess hefur Samstarfshópur félagsmálastjóra á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að auka við stöðuhlutfallið í 100% fáist til þess framlag frá Jöfnunarsjóði.



HAFNARFJÖRÐUR

Hér með er óskað eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna ársins 2017 eða kr. 6.586.394 sem er kostnaður verkefnisins árið 2017 og er um 4,54% hækkun á milli ára. Kostnaðurinn skiptist eftirfarandi:

Laun og launatengd gjöld	kr. 5.790.329.-
Annar kostnaður	kr. 510.000.-
Samtals	kr. 6.586.394.-

Jafnframt er óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að því að auka við umrætt stöðugildi úr 50% í 100%. Brýnt er að fá svar frá Jöfnunarsjóði þannig að hægt verði að efla eftirlit með þjónustu við fatlað fólk enn frekar. Sé gert ráð fyrir að hægt sé að ráða starfsmann í byrjun september n.k. þá verður kostnaður vegna ársins 2017 tæpar 9 milljónir.

Hér með er óskað eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði til að greiða kostnað vegna innra gæðaeftirlits með þjónustu við fatlað fólk. Óskað er eftir framlagi til að greiða kostnað vegna 50% stöðugidis frá 1. janúar – 1. sept. 2017. Lagt er upp með að stöðugildið fari í 100% þann 1. september n.k. fáist til þess fjármagn frá Jöfnunarsjóði.

Með þökkum fyrir góða samvinnu og von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar